

nr. 54/1976, og þykir hún hæfilega ákveðin sekt að fjárhæð 5.000.00 krónur, sem renni í ríkissjóð. Vararefsing ákveðst varðhald í 10 daga.

Svo sem krafist er í ákæru og samkvæmt 81. gr. umferðarlaga, ber að svipta ákærða ökuleyfi í 1 ár frá birtingu dóms þessa að telja. Samkvæmt 5. mgr. 81. gr. umferðarlaga frestar áfrýjun ekki verkun dómsins að þessu leyti, sbr. 178. gr. laga nr. 74/1974.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin 3.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Sigurður Jónsson, greiði 5.000.00 krónur í sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 10 daga.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í 1 ár frá birtingu dóms þessa að telja. Áfrýjun frestar ekki áhrifum þessa dómsákvæðis.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 3.000.00 krónur.

Þriðjudaginn 31. maí 1983.

Nr. 176/1982. **Ákæruvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Helgu Gísladóttur

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Ávana- og fíkniefni. Brot gegn lögum nr. 65/1974. Eignarupptaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddson og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari hefur áfrýjað máli þessu að ósk ákærðu með stefnu 2. júlí 1982 og gert jafnframt þær kröfur af hálfu ákæru-

valds, að staðfest verði ákvæði héraðsdóms um sakarmat, þar á meðal sýknuákvæði um VIII. lið ákæru, en að refsing ákærðu verði þyngd. Ágrip málsgagna barst Hæstarétti 11. febrúar sl.

Ákærða kom fyrir dóm við þingfestingu máls þessa í héraði og lýsti þá yfir því, að hún hefði engar athugasemdir fram að færa við ákæruna nema VIII. lið hennar, er hún mótmælti. Er játning hennar studd öðrum gögnum, sem fram komu við rannsókn málsins. Samkvæmt því verður ákærða sakfelld fyrir brot þau, sem henni eru gefin að sök í I.—VII. og IX—XI. lið ákæru, þó svo, að rétt þykir að miða við, að hlutur ákærðu af hassi því, sem um ræðir í ákæruliðum II og III hafi verið um 300 gr í hvort skipti. Staðfest verður sýknuákvæði héraðsdóms um VIII. ákærulið.

Brot ákærðu eru rétt færð til refsíákvæða í ákæru, en lög nr. 60/1980 eiga þó aðeins við um þau brot ákærðu, sem framin eru eftir gilditöku laganna og ákæruliðir VI, VII og IX—XI lúta að.

Við mat refsingar ber að hafa hliðsjón af 2. mgr. 70. gr. og 77. gr. almennra hegningarlaga svo og af 78. gr. sömu laga að því er varðar brot þau, sem um ræðir í ákæruliðum I—V. Refsing ákærðu þykir hæfilega ákveðin fangelsi 8 mánuði og 30.000.00 króna sekt til ríkissjóðs. Greiðslufrestur sektar skal vera 4 vikur frá birtingu dóms þessa og vararefsing 45 daga fangelsi. Staðfest verður ákvæði héraðsdóms um frádrátt gæsluvarðhaldsvistar frá refsivist ákærðu.

Í ákæru er þess krafist, að ákærða verði dæmd til þess að sæta upptöku „á því hassi og kannabisjurtaleifum, sem getið er hér að framan í liðum VI, VII og XI og lögreglan lagði hald á, svo og á samtals rúmum 12 gr af kannabisefnum og munum til neyslu efnanna, sem lögreglan fann á heimili ákærðu 2. október og lagði hald á.“ Þó að krafa þessi sé eigi svo skýr og ótvíræð sem skyldi, þykir þó eftir atvikum mega leggja dóm á hana. Ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um kröfuna.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað. Dæma ber ákærðu til þess að greiða áfrýjunarkostnað, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð, 6.000.00 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, 6.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærða, Helga Gísladóttir, sæti fangelsi 8 mánuði, en til frádráttar komi gæsluvarðhaldsvist ákærðu í 29 daga. Ákærða

greiði 30.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 45 daga fangelsi fyrir sektina, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku og um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærða greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun í ríkissjóð, 6.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmar Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 6.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 3. maí 1982.

Ár 1982, mánudaginn 3. maí, var á dómþingi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, sem haldið var af Guðjóni St. Marteinssyni fulltrúa við undirritaða votta að Hverfisgötu 113, Reykjavík, kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 914/1982: Ákærvaldið gegn Helgu Gísladóttur.

Málið var höfðað á hendur Helgu Gísladóttur með ákæru, dagsettri 18. janúar 1982, fyrir eftirfarandi meint brot á fíkniefnalöggjöfinni framin á árinu 1980:

„I.

Nærri mánaðamótum janúar/febrúar keypt samtals 100 gr af hassi af Ragnheiði Valgarðsdóttur á gkr. 10.000 hvert gramm og endurselt um 70 gr af því ótilgreindu fólki á gkr. 12.500 hvert gramm, og átti þessi verslun sér stað á heimili ákærðu, sem sjálf hafði um 30 gr efnisins til eigin nota.

II.

Í inars ásamt Sumarliða Óskari Arnórssyni lagt á ráðin um för Vals Hugasonar Hraunfjörð til hasskaupa í Kaupmannahöfn og í því sambandi lagt honum til um gkr. 1.300.000—1.500.000, sem ákærða fékk að mestu leyti hjá Ragnheiði Valgarðsdóttur, og eftir heimkomu nefnds Vals móttækid hjá honum allt að 350 gr af hassi að Ránargötu 23 í Reykjavík og greitt honum gkr. 400.000 fyrir hans þátt í öflun efnisins. Afhent nefndri Ragnheiði allt að helmingi efnisins og ekki minna en 120 gr, selt verulegan hluta þess, sem þá var eftir, að nokkru í samvinnu við nefndan Sumarliða Óskar, mörgum mönnum í Reykjavík, m. a. Val Guðmundi Valssyni samtals 30—50 gr á um gkr. 12.500 hvert gramm og jafnframt haft hluta efnisins til eigin nota.

III.

Nokkru síðar í félagi við nefndan Sumarliða Óskar enn lagt nefndum Val Hugasyni Hraunfjörð til fé til hasskaupa í Kaupmannahöfn, nærri gkr. 1.500.000, og móttekið 300—350 gr af efninu eftir heimkomu Vals, sem fékk sem fyrr greitt fyrir sinn þátt, og ásamt Sumarliða Óskari selt efni þetta hérlandis ónefndum mönnum fyrir samtals gkr. 3—4.000.000.

IV.

Um mánaðamót mars/apríl í félagi við nefndan Sumarliða Óskar lagt til fé til kaupa Guðmundar Böðvarssonar á hassi í Kaupmannahöfn, móttekið u. þ. b. 200 gr af efninu í Reykjavík eftir heimkomu Guðmundar og síðan átt þátt í sölu efnisins til ónefndra manna, en eignarhlutur ákærðu og Sumarliða Óskars í efninu taldist a. m. k. 40—60 gr.

V.

Í máí keypt allt að 400 gr og ekki minna en 250 gr af hassi í Kaupmannahöfn fyrir Sigurgeir Baldursson, sem flutti efnið síðan að undirlagi nefnds Sumarliða Óskars til Íslands, og var ákærðu, sem taldist eiga allt að 150 gr efnisins, kunnugt um, að efnið var að verulegu leyti ætlað til sölu hér á landi.

VI.

Í seinni hluta maí afhent ónafngreindum dönskum pilti í Kaupmannahöfn 4.000 kr. danskar í því skyni, að hann keypti hass og sendi ákærðu það til Íslands. Í júlí fékk ákærða síðan send frá Kaupmannahöfn um 157 gr af hassi, sem tollgæslan í Reykjavík fann og lagði hald á, áður en það barst í hendur ákærðu.

VII.

Í júlí ræktað og haft í vörslum sínum á heimili sínu 7 kannabisjurtir, þar til lögreglan lagði hald á jurtirnar hinn 21. júlí.

VIII.

Í ágúst fengið áður nefndum Guðmundi Böðvarssyni í Reykjavík gkr. 400.000 í því skyni, að hann keypti hassefni fyrir ákærðu, og að nokkrum dögum liðnum móttekið 100 gr af hassi hjá Guðmundi og selt megnið af efninu, samtals um 70 gr, að mestu áður nefndum Val Guðmundi Valssyni og ennfremur Tómasi Jakob Sigurðssyni í Reykjavík, ýmist á gkr. 12.500 eða 15.000 hvert gramm, og haft efnið að öðru leyti til eigin nota.

IX.

Í byrjun ágúst ásamt fleira fólki lagt fé til kaupa Báru Grímsdóttur á hassi í Kaupmannahöfn og eftir heimkomu hennar mótttekið 370 gr af efninu á heimili sínu og fengið í sinn hlut a. m. k. 60 og allt að 120 gr þar af, en efnið skiptist að öðru leyti meðal annarra þátttakenda, m. a. nefndrar Báru og áðurnefnds Guðmundar Böðvarssonar. Ákærða seldi verulegan hluta síns efnisskammts ótilgreindum mönnum og hafði hluta til eigin nota.

X.

Um mánaðamót ágúst/september lagt fram gkr. 800.000 til hasskaupa áðurnefndrar Báru Grímsdóttur og Kristjáns Einarssonar í Kaupmannahöfn, en auk þeirra þriggja átti áðurnefndur Guðmundur Böðvarsson hlut að þessari för. Eftir heimkomu Báru og Kristjáns mótttekið 180 gr af hassi sem sinn hlut, en alls keyptu þau 850 gr á um 30 kr. danskar hvert gramm og fluttu á heimili ákærðu, þar sem efninu var skipt.

Ákærða seldi nokkrum mönnum, m. a. Sigurði Jóhannssyni, samtals allt að 120 gr af efninu á gkr. 15.000 hver gramm og hafði jafnframt hluta þess til eigin nota.

XI.

Í fyrri hluta september fengið áðurgreindum Val Hugasyni Hraunfjörð gkr. 1.200.000—1.400.000 til hasskaupa í Kaupmannahöfn og eftir heimkomu hans mótttekið 340—360 gr af efninu á heimili hans að Ránargöt 23 í Reykjavík og greitt honum gkr. 400.000 fyrir hans þátt í öflun efnisins. Ákærða seldi hluta þessa efnis ótilgreindum mönnum, en 2. október fann lögreglan um 326 gr efnisins á heimili ákærðu og lagði hald á það.“

Ofangreind háttsemi er í ákæruskjali talin varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974, sbr. einnig 4. gr. laga nr. 65/1974 að því er tekur til brotsins í VII. lið ákæru.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta upptöku samkvæmt 5. og 6. mgr. 5. gr. laganna um ávana- og fíkniefni á því hassi og kannabisjurtaleifum, sem getið er hér að framan í liðum VI, VII og XI og lögreglan lagði hald á, svo og á samtals rúmum 12 gr af kannabisefnum og munum til neyslu efnanna, sem lögreglan fann á heimili ákærðu 2. október og lagði hald á.

Ákærða hefur náð sakhæfisaldri, er fædd 4. janúar 1958 í Reykjavík, og hefur sætt eftirfarandi kærur og refsingum:

- 1978 2/11 í Reykjavík: Sátt, 11.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 5., sbr. 6. gr. laga 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974.
- 1979 23/10 í Reykjavík: Sátt, 150.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974, sbr. og 71. gr. hegningarlaga.
- 1980 6/6 í Reykjavík: Avana- og fíkn.: Sátt, 100.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar 390/1974.

Málsatvik.

Hér á eftir verður fjallað sjálfstætt um hvern lið ákæru fyrir sig, fyrst í málsatvikalýsingu og síðar í niðurstöðum.

Ákæruliður I.

„Nærri mánaðamótum janúar/febrúar keypt samtals 100 gr af hassi af Ragnheiði Valgarðsdóttur á gkr. 10.000 hvert gramm og endurselt um 70. gr af því ótilgreindu fólki á gkr. 12.500 hvert gramm, og átti þessi verslun sér stað á heimili ákærðu, sem sjálf hafði um 30 gr efnisins til eigin nota.“

Ragnheiður Valgarðsdóttir var yfirheyrð fyrir dómi 7. mars 1980. Við þá yfirheyrslu lýsti Ragnheiður sölu 100 gramma af hassi til ákærðu í máli þessu. Afhendingar kvað Ragnheiður hafa verið margar og ákærða hafi greitt sér fyrir alls 950.000 gkr., en skuldi sér gkr. 50.000.

Ákærða var yfirheyrð hjá lögreglu sama dag, eða 7. mars 1980. Ákærða neitaði fyrst í stað að hafa átt nokkur fíkniefnasamskipti við Ragnheiði Valgeirsdóttur, en eftir að Ragnheiður var leidd fyrir ákærðu við nefnda lögregluyfirheyrslu og tjáði ákærðu, að hún (Ragnheiður) væri búin að skýra frá fíkniefnasamskiptum þeirra í milli, tók ákærða að lýsa hasskaupum af Ragnheiði Valgarðsdóttur. Kvað ákærða sig hafa keypt 100 grömm af hassi af Ragnheiði í tveim afhendingum í lok janúar 1980. Báðar voru afhendingar að sögn ákærðu á heimili hennar að Urðarstíg 7 hér í borg. Kvað ákærða kaupverð hafa verið gkr. 10.000 hvert gr. efnis. Kvað ákærða sig hafa notað um 30 grömm af efninu sjálfa, en selt sér ókunnum aðiljum 70 grömm og salan farið fram á heimili ákærðu. Var hvert gramm efnis selt á gkr. 12.500.

Ákæruliður II.

„Í mars ásamt Sumarliða Óskari Arnórssyni lagt á ráðin um för Vals Hugasonar Hraunfjörð til hasskaupa í Kaupmannahöfn og í því sambandi lagt honum til um gkr. 1.300.000—1.500.000, sem ákærða fékk

að mestu leyti hjá Ragnheiði Valgarðsdóttur, og eftir heimkomu nefnds Vals mótttekið hjá honum allt að 350 gr af hassi að Ránargötu 23 í Reykjavík og greitt honum gkr. 400.000 fyrir hans þátt í öflun efnisins. Afhent nefndri Ragnheiði allt að helmingi efnisins og ekki minna en 120 gr, selt verulegan hluta þess, sem þá var eftir, að nokkru í samvinnu við nefndan Sumarliða Óskar, mörgum mönnum í Reykjavík, m. a. Val Guðmundi Valssyni samtals 30—50 gr á um gkr. 12.500 hvert gramm, og jafnframt haft hluta efnisins til eigin nota.“

Ákærða bar fyrst um ferð þá, er í þessum ákærulið greinir, í lögregluþyrifheyrslu 25. október 1980. Kvaðst ákærða hafa afhent Val Hugasyni Hraunfjörð gkr. 1.000.000—1.200.000 til hasskaupa í Kaupmannahöfn. Hafi ferð Vals staðið í um tvo daga. Tók ákærða á móti Val við heimkomu frá Kaupmannahöfn og tók síðan við, að sögn, 300 grömmum af hassi á heimili Vals að Ránargötu 23 hér í borg. Kvaðst ákærða hafa samið við Val um þóknun fyrir ferðina og greitt honum gkr. 400.000 skömmu síðar.

Um ráðstöfun efnisins kvaðst ákærða hafa selt Val G. Valssyni á að giska 50 grömm af efninu fyrir 12.500 gkr. hvert gramm. Ákærða nefndi aðilja, sem heiti Tryggvi, er fengið hafi um 20 grömm á gkr. 12.500 grammið. Aðili að nafni Hörður hafi fengið 20 grömm. Ákærða gerði ekki frekari grein fyrir ráðstöfun efna úr ferð þessari utan að hafa sjálf notað um 150 grömm og gefið af því vinum og kunningjum.

Ákærða greindi síðar frá för Vals Hugasonar Hraunfjörð til hasskaupa í Kaupmannahöfn fyrir dómi 30. október 1980. Bar ákærða þá á sama veg varðandi efnismagn úr greindri ferð og flutningsþóknun til Vals. Varðandi ráðstöfun efna nefndi ákærða þrjá sömu aðilja og hún hafði gert hjá lögreglu og rakið er hér að ofan. Kvað ákærða Ragnheiði Valgarðsdóttur hafa lagt í ferð þessa gkr. 1.300.000. Helmingur þeirrar fjárhæðar var lán til ákærðu, en hinn helmingurinn verið framlag Ragnheiðar til farar Vals og hafi því Ragnheiður Valgarðsdóttir fengið helming efna úr þessari ferð. Kvaðst ákærða við greinda dómsyfirheyrslu ekki muna nákvæmlega, hverjum hún seldi utan til ofangreindra þriggja aðilja, en hafa notað ríflega af efnum sjálf. Þá kvað ákærða Sumarliða Óskar Arnórsson hafa um þetta leyti losnað úr gæsluvarðhaldi vegna meints fíkniefnamisferlis og geti hugsað, að hann hafi selt einhvern hluta efnanna.

Sumarliði Óskar Arnórsson greindi fyrst við lögregluþyrifheyrslu 1. október 1980 frá ferð þerri, er í þessum ákærulið greinir.

Kvað Sumarliði ferðina hafa verið farna á þeim tíma, er hann hafi sætt gæsluvarðhaldi, en þó hafi ferðin verið að hluta á sínum vegum. Kvað Sumarliði áður nefndan Val hafa flutt hingað til lands 250—300 grömm af hassi. Hafi Ragnheiður Valgarðsdóttir átt verulegan hluta efnis þessa.

Sumarliði var yfirheyrður fyrir dómi 2. október 1980 og kvað sig hafa

frétt eftir að hafa gegnið laus úr gæsluvarðhaldi í mars 1980, að Valur H. Hraunfjörð væri þá nýkominn frá Kaupmannahöfn með 250—300 grömm af hassi. Kvað Sumarliði sem fyrr Ragnheiði Valgarðsdóttur hafa átt bróðurpart efna úr þeirri ferð, en ákærða hafi staðið að dreifingu efna. Kvaðst Sumarliði hafa tekið við að dreifa efni fyrir ákærðu og játa 70 gramma dreifingu.

Enn var Sumarliði yfirheyrður fyrir dómi 9. október og bar þá efnislega á sama veg og við dómsyfirheyrslu 2. október 1980, en Sumarliði kvað sig nú ekki hafa átt þátt í ferð Vals Hugasonar.

Valur Hugason Hraunfjörð var yfirheyrður fyrir dómi 8. október 1980. Lýsti Valur þá aðdraganda ferðar þessarar þannig, að Sumarliði Óskar hafi komið að máli við sig og boðið sér gkr. 400.000 sem þóknun fyrir að halda til Kaupmannahafnar og kaupa þar hass. Kvað Valur sig hafa fallist á þessa skilmála og mótttekið gkr. 1.400.000—1.500.000 frá Sumarliða. Hafi hluti af þeim fjármunum farið í fargjöld. Kvaðst Valur hafa keypt 350 grömm af hassi í Kaupmannahöfn, flutt efnið á sér hingað til lands og afhent efnið Sumarliða Óskari. Ferðin tók 3 til 4 daga, og kvað Valur sig skömmu eftir heimkomu hafa mótttekið gkr. 400.000 frá Sumarliða Óskari sem þóknun fyrir ferðina.

Vegna ósamræmis í framburðum Sumarliða Óskars og Vals Hugasonar Hraunfjörð varðandi aðilja, er stóðu að utanför Vals, og hverjum efnið var afhent eftir heimkomu voru ofangreindir aðiljar samprófaðir fyrir dómi 14. október 1980. Hélt hvor aðili við sína fyrri framburði, er raktir hafa verið, og náðist ekki samræmi.

Ragnheiður Valgarðsdóttir var yfirheyrð hjá lögreglu 13. janúar 1981. Kvað Ragnheiður sig hafa látið ákærðu í máli þessu hafa gkr. 1.300.000 í mars 1980. Hafi helmingur verið hugsaður sem framlag Ragnheiðar sjálfrar og hún því mótttekið frá ákærðu 120 grömm af hassi, eftir að einhver aðili, er hún vissi til, að hafi verið á vegum ákærðu til hasskaupa, kom aftur hingað til lands. Hinn helming fjárins kvað Ragnheiður hafa verið lán til ákærðu.

Ákæruliður III.

„Nokkru síðar í félagi við nefndan Sumarliða Óskar enn lagt nefndum Val Hugasyni Hraunfjörð til fé til hasskaupa í Kaupmannahöfn, nærri gkr. 1.500.000, og mótttekið 300—350 gr af efninu eftir heimkomu Vals, sem fékk sem fyrr greitt fyrir sinn þátt, og ásamt Sumarliða Óskari selt efni þetta hérlendis ónefndum mönnum fyrir samtals gkr. 3—4.000.000.“

Ákærða bar um ferð þá, er í þessum ákærulið greinir, hjá lögreglu 25. október 1980. Kvað ákærða áðurnefndan Val Hugason Hraunfjörð hafa farið í ferð þessa með svipaða fjárupphæð og í ferð þá, er í ákærulið II

segir. Fjármagn kvað ákærða hafa verið ágóða af sölu fikniefna, er Valur kom með úr ferð þeirri, er lýst var í ákærulið II. Kvað ákærða Sumarliða Óskar hafa selt um 150 grömm, og önnur 150 grömm kvað ákærða sig hafa notað sjálfa og fyrir kunningja, en ákærða kvað efnismagn úr þessari ferð hafa verið um 300 grömm. Loks kvað ákærða sig hafa notað ágóða af sölu fikniefna úr þessari ferð til að fara í frí til Kaupmannahafnar.

Ákærða var yfirheyrð fyrir dómi 30. október 1980. Bar hún þá efnislega á sama veg og í lögregluyfirheyrslu þeirri, er að ofan var greint frá. Kvaðst ákærða hafa lagt Val til um 1.200.000 gkr. til fararinnar. Var greint fé ágóði af sölu fikniefna úr ferð Vals skömmu áður. Hafi Valur síðan komið með um 300 grömm af svokölluðu Marakkóhassi til landsins, og voru honum greiddar gkr. 400.000, er sala efna var komin vel á veg. Ákærða kvað Sumarliða Óskar hafa að mestu annast sölu efnisins. Kvaðst ákærða hafa tekið við andvirði seldra efna. Aðspurð um heildarupphæð í því sambandi var bókað eftir ákærðu: „Það hafa þó aldrei verið yfir 3.000.000.“

Sumarliði Óskar Arnórsson bar um þessa ferð Vals fyrir dómi 2. október 1980. Kvað Sumarliði ákærðu hafa lagt Val til gkr 1.—1.3 milljónir til fararinnar. Hafi Valur síðan komið með nálægt 300 grömmum af hassi úr ferðinni. Sumarliði kvaðst síðar hafa greitt Val gkr. 400.000 fyrir ferðina. Ákærða var að sögn Sumarliða gjaldkeri og söluandvirði verið skilað til hennar, og kvað Sumarliði sig hafa skilað söluandvirði efna úr þessari ferð, um 3.5 til 4.0 millj. gkr.

Sumarliði bar um ferð þessa fyrir dómi 9. október 1980 og kvað sig hafa afhent Val fé til fararinnar, en féð var þó eign ákærðu.

Fyrir dómi 14. október 1980 kvað Sumarliði líklegt, að hann hafi afhent Val fé til farar þessarar, en ákærða þó mjög líklega verið viðstödd.

Valur Hugason Hraunfjörð bar fyrst um ofangreinda för sína í lögregluyfirheyrslu 8. október 1980.

Síðar þann sama dag bar Valur efnislega á sama veg fyrir dómi. Kvað Valur Sumarliða Óskar hafa afhent sér nærri 1.5 milljónir gkr., og kvað Valur sig eigi vita, hvort Sumarliði ætti greint fé. Keypti Valur 350 grömm af hassi í Kaupmannahöfn. Kvaðst Valur hafa afhent Sumarliða efnið á heimili sínu og fengið 15 grömm af hassi upp í greiðslu fyrir ferðina og skömmu síðar móttakið 250.000 gkr. sem lokagreiðslu.

Ákæruliður IV.

„Um mánaðamót mars/apríl í félagi við nefndan Sumarliða Óskar lagt fé til kaupa Guðmundar Böðvarssonar á hassi í Kaupmannahöfn, móttakið u. þ. b. 200 gr af efninu í Reykjavík eftir heimkomu Guðmundar og síðan átt þátt í sölu efnisins til ónefndra manna, en eignarhlutur ákærðu og Sumarliða Óskars í efninu taldist a. m. k. 40—60 gr.“

Sumarliði Óskar Arnórsson bar fyrst um för þessa hjá lögreglu 1. október 1980. Kvað Sumarliði Guðmund Böðvarsson hafa haldið utan á sínum vegum og ákærðu. Guðmundur keypti að sögn Sumarliða 200—300 grömm af hassi og flutti hingað til lands.

Sumarliði lýsti þessari utanför Guðmundar Böðvarssonar næst fyrir dómi 2. október 1980. Kvað Sumarliði við þá yfirheyrslu Guðmund hafa haldið utan með nálægt 1.5 milljónir gkr., sem var sameiginlegt framlag Sumarliða og ákærðu.

Enn bar Sumarliði um ferð þá, er í þessum ákærulið greinir, fyrir dómi 14. október 1980. Þá taldi Sumarliði áðurnefndar 1.5 milljónir gkr., er Guðmundi voru lagðar til fararinnar, einungis hafa verið eign ákærðu í máli þessu.

Guðmundur Böðvarsson var yfirheyrður fyrir dómi 25. október 1980. Lýsti hann þá kaupum sínum á 440 grömmum af hassi í Christianíu í Kaupmannahöfn í mars 1980. Ekki nefndi Guðmundur ákærðu sem framlagsaðilja til þeirrar farar, en kvað Sumarliða Óskar hafa lagt til fararinnar gkr. 300 þús. og hafi hann síðar fengið 60 grömm af efninu sem sinn hlut. Þó hafi Sumarliði mótttekið til viðbótar 80 grömm til dreifingar, en ekki skilað andvirði.

Ákærða var yfirheyrð fyrir dómi 30. október 1980. Kvað ákærða sig ásamt Sumarliða Óskari hafa lagt Guðmundi Böðvarssyni til fé til farar þessarar. Kvað ákærða hlut sinn og Sumarliða hafa verið um 40 grömm af hassi. Ákærða kvað Guðmund Böðvarsson hafa skömmu eftir heimkomu haldið til Ólafsvíkur, en skilið eftir hassefni hjá sér og hún síðan séð um að dreifa og muni Guðmundur eiga hjá sér og Sumarliða um 1 milljón gkr. sem andvirði seldra efna. Kvað ákærða sig hafa verið fjárhaldsmann Sumarliða Óskars og sinn varðandi andvirði seldra fíkniefna.

Guðmundur Böðvarsson var enn yfirheyrður fyrir dómi 30. október 1980. Aðspurður um framlag ákærðu og Sumarliða Óskars til farar þeirrar, er í þessum ákærulið greinir, bar Guðmundur þá á sama veg og fyrr, eða að hafa mótttekið 300 þús. gkr. sem framlag Sumarliða og ákærðu og afhent Sumarliða 60 grömm af hassi eftir heimkomu.

Ákæruliður V.

„Í maí keypt allt að 400 gr og ekki minna en 250 gr af hassi í Kaupmannahöfn fyrir Sigurgeir Baldursson, sem flutti efnið síðan að undirlagi nefnds Sumarliða Óskars til Íslands, og var ákærðu, sem taldist eiga allt að 150 gr efnisins, kunnugt um, að efnið var að verulegu leyti ætlað til sölu hér á landi.“

Ákærða var yfirheyrð hjá lögreglu 25. október 1980. Lýsti ákærða þá milligöngu um kaup á 300 grömmum af hassi í Christianíu í Kaupmanna-

höfn í maí 1980. Kvað ákærða sig hafa dvalið hjá systur sinni í Kaupmannahöfn um þetta leyti. Hafi hún keypt efnið fyrir Sigurgeir Baldursson, en sá kom til Kaupmannahafnar beinlínis til kaupa á hassi að sögn ákærðu. Kvaðst ákærða halda Val Hugason og Sumarliða Óskar Arnórsson vera eigendur efnanna, er Sigurgeir flutti til landsins.

Sigurgeir Baldursson var yfirheyrður hjá lögreglu 8. október 1980 og greindi þá frá för sinni til Kaupmannahafnar í maí 1980 á vegum Sumarliða Óskars Arnórssonar. Er til Kaupmannahafnar kom, hélt Sigurgeir á fund ákærðu og afhenti henni fé til hasskaupa. Fyrir heimför kvað Sigurgeir ákærðu hafa afhent sér tvo plastpoka með hassdufti í og efnismagn hafi ekki verið minna en 300 grömm.

Sumarliði Óskar Arnórsson lýsti hlut sínum í ferð Sigurgeirs Baldurssonar við dómsyfirheyrslu 2. október 1980. Kvað Sumarliði, að Sigurgeir hafi haldið til Kaupmannahafnar með samskotafé frá nokkrum aðiljum og keypt þar 240—250 grömm af hassi. Sumarliði kvaðst hafa átt 50 til 60 grömm af efninu og móttók einnig 80 grömm, sem Sigurgeir kvað ákærðu hafa átt.

Ákærða kom fyrir dóm 30. október 1980. Kvað ákærða Sigurgeir Baldursson hafa komið að tali við sig í maí 1980, er hún var stödd í kaupmannahöfn, og beðið um aðstoð við hasskaup. Kvað ákærða sig hafa keypt nærri 400 grömmum af hassi. Kvað ákærða sig hafa átt 150 grömm af efninu. Kvað ákærða Sumarliða Óskar hafa tekið við efninu hér heima og selt efnið, en ekki skilað söluandvirði til ákærðu.

Ákæruliður VI.

„Í seinni hluta maí afhent ónafngreindum dönskum pilti í Kaupmannahöfn 4.000 kr. danskar í því skyni, að hann keypti hass og sendi ákærðu það til Íslands. Í júlí fékk ákærða síðan send frá Kaupmannahöfn um 157 gr af hassi, sem tollgæslan í Reykjavík fann og lagði hald á, áður en það barst í hendur ákærðu.“

Ákærða lýsti fyrst háttsemi þeirri, er í þessum ákærulið greinir, hjá lögreglu 25. október 1980. Ákærða kvað sig hafa komist í kynni við danskan pilt í Kaupmannahöfn, meðan á dvöl ákærðu stóð þar í maí 1980. Afhenti ákærða hinum ónafngreinda pilti 4.000 kr. danskar, er kaupa skyldi hass fyrir og senda hingað til lands.

Ákærða fékk sendingu frá kaupmannahöfn 22. júlí 1980. Í greindum pakka var ýmislegt smádót ásamt 157.4 grömmum af hassi. Var pakkin og innihald hans tekið í vörslur lögreglu og innihald hans merkt munaskrá 511.

Kvað ákærða sig við áðurgreinda lögreglu yfirheyrslu vera eiganda pakk-

ans, en ekki hafa haft vitneskju um, hvenær pakinn bærir hingað til lands.

Ákærða bar efnislega á sama veg fyrir dómi 30. október 1980.

Ákæruliður VII.

„Í júlí ræktað og haft í vörslum sínum á heimili sínu 7 kannabisjurtir, þar til lögregla lagði hald á jurtirnar hinn 21. júlí“.

Húsleit var gerð á heimili ákærðu 21. júlí 1980, og fundust þá á heimili hennar nokkrar kannabíslöntur. Voru nefndar plöntur teknar í vörslur lögreglu og klipptar niður og reyndust við vigtnu 11.3 grömm.

Ákærða kannaðist við lögreglufirheyrslu 29. júlí 1980 að hafa ræktað plöntur þessar á heimili sínu.

Ákærða var yfirheyrð fyrir dómi 30. október 1980 og staðfesti þá ofangreinda ræktun og að hafa reykt lítils háttar af þeim.

Ákæruliður VIII.

„Í ágúst fengið áður nefndum Guðmundi Böðvarssyni í Reykjavík gkr. 400.000 í því skyni, að hann keypti hassefni fyrir ákærðu, og að nokkrum dögum liðnum móttækið 100 gr af hassi hjá Guðmundi og selt megnið af efninu, samtals um 70 gr, að mestu áður nefndum Val Guðmundi Valsyni og enn fremur Tómasi Jakob Sigurðssyni í Reykjavík, ýmist á gkr. 12.500 eða 15.000 hvert gramm, og haft efnið að öðru leyti til eigin nota.“

Ákærða bar við lögreglufirheyrslu 25. október 1980 að hafa afhent Guðmundi Böðvarssyni gkr. 400 þús. til hasskaupa í Kaupmannahöfn í júlí 1980 og móttækið 100 grömm af hassi eftir heimkomu Guðmundar skömmu síðar.

Kvað ákærða sig hafa selt Val G. Valsyni alls 50 grömm af efninu og Tómasi Jakob Sigurðssyni 20 grömm. Síðar tók ákærða fram, að hugsanlegt væri, að efni það, er ákærða kvaðst hafa selt ofangreindum aðiljum, gæti verið komið úr einhverri annarri ferð, enda hefðu nefndir aðilar oft komið á heimili ákærðu til kaupa á fíkniefnum.

Ákærða bar á sama veg fyrir dómi 30. október 1980, og aftur vék ákærða að áðurgreindri meintri ferð í dómsfirheyrslu 1. nóvember 1980.

Ákærða kvaðst aðspurð í þinghaldi 17. febrúar 1982 ekki kannast við sakargiftir, er í þessum ákærulið greinir.

Tómas Jakob Sigurðsson var yfirheyrður hjá lögreglu 27. september 1980 og kvað sig þá undanfarið hafa átt fíkniefnaviðskipti við ýmsa, m. a. ákærðu í máli þessu.

Valur G. Valsson lýsti í lögreglufirheyrslu 8. janúar 1981 fíkniefnaviðskiptum sínum við ákærðu. Kvað Valur sig hafa á löngu tímabili, eða frá

vetri 1979—1980 fram á sumar 1980, keypt alls 60 grömm af hassi af ákærðu í fjölmörgum afhendingum.

Ákæruliður IX.

„Í byrjun ágúst ásamt fleira fólki lagt fé til kaupa Báru Grímsdóttur á hassi í Kaupmannahöfn og eftir heimkomu hennar móttekið 370 gr af efninu á heimili sínu og fengið í sinn hlut a. m. k. 60 og allt að 120 gr þar af, en efnið skiptist að öðru leyti meðal annarra þátttakenda, m. a. nefndrar Báru og áðurnefnds Guðmundar Böðvarssonar. Ákærða seldi verulegan hluta síns efnisskammts ótilgreindum mönnum og hafði hluta til eigin nota.“

Guðmundur Böðvarsson greindi frá ferð Báru Grímsdóttur til Kaupmannahafnar til kaupa á hassi fyrir dómi 28. október 1980. Kvaðst Guðmundur hafa verið viðstaddur, er efni því, er Bára kom með hingað til lands, var skipt milli framlagsaðilja að Urðarstíg 7. Kvað Guðmundur ákærðu hafa fengið í sinn hlut 100 til 120 grömm af hassi. Þá kvaðst Guðmundur vita til, að ákærða hafi verulega neytt af sínum hlut og jafnframt selt.

Guðmundur Böðvarsson lýsti síðar 30. október 1980 fyrir dómi skiptingu efna, er Bára Grímsdóttir kom með úr ferð þessari. Kvað Guðmundur Báru Grímsdóttur hafa afhent ákærðu allt efnið, sem var um 400 grömm. Ákærða og Guðmundur skiptu síðan efninu niður í hluta, og kom í hlut ákærðu 120 grömm.

Ákærða bar um utanför Báru við dómsyfirheyrslu 1. nóvember 1980. Kvað ákærða Báru hafa komið með hingað til lands 370 grömm af hassi. Ákærða fékk af efni þessu 60 grömm að sögn og þar af notað sjálf um 20 grömm, selt ótilgreindum aðiljum 20 grömm og afhent Guðmundi Böðvarssyni 20 grömm til endursölu.

Bára Grímsdóttir lýsti ferð sinni fyrir dómi 3. nóvember 1980 og kvað sig hafa keypt um 370 grömm af hassi í Christianíu í Kaupmannahöfn í byrjun ágúst s. á. Efnið afhenti Bára ákærðu að heimili hennar að Urðarstíg 7 hér í borg.

Ákæruliður X.

„Um mánaðamótin ágúst/september lagt fram gkr. 800.000 til hasskaupa áðurnefndrar Báru Grímsdóttur og Kristjáns Einarssonar í Kaupmannahöfn, en auk þeirra þriggja átti áðurnefndur Guðmundur Böðvarsson hlut að þessari för. Eftir heimkomu Báru og Kristjáns móttekið 180 gr af hassi sem sinn hlut, en alls keyptu þau 850 gr á um 30 kr. danskar hvert gramm og fluttu á heimili ákærðu, þar sem efninu var skipt.

Ákærða seldi nokkrum mönnum, m. a. Sigurði Jóhannssyni, samtals

allt að 120 gr af efninu á gkr. 15.000 hvert gramm og hafði jafnframt hluta þess til eigin nota.“

Guðmundur Böðvarsson lýsti við lögregluþfirheyrslu 17. október 1980 utanför Kristjáns Einarssonar og Báru Grímsdóttur til Kaupmannahafnar um mánaðamótin ágúst/september 1980. Að sögn Guðmundar var ákærða ein þeirra, er átti þátt í greindri ferð, og var efninu skipt á heimili hennar eftir heimkomu Kristjáns og Báru, er fluttu með sér um 800 grömm af hassi. Guðmundur kvað 200 til 250 grömm af hassi hafa komið í hlut ákærðu.

Guðmundur Böðvarsson lýsti greindri för Kristjáns og Báru efnislega á sama veg fyrir dómi 28. október 1980, utan að Guðmundur kvað efnismagn úr ferðinni hafa verið nærri 900 grömmum, þar af 200 til 250 grömm til ákærðu, svo sem áður var getið.

Kristján Einarsson bar um greinda utanför hjá lögreglu 23. október 1980 og kvað efnismagn hafa verið 900—950 grömm.

Bára Grímsdóttir bar um ferð þessa fyrir dómi 3. nóvember 1980 og kvað efnismagn hafa verið 800—900 grömm.

Hvorki Bára né Kristján báru um efnishlut ákærðu úr för þessari, en kvaðu efninu hafa verið skipt að Urðarstíg 7.

Ákærða bar um hlut sinn í ofangreindri ferð Kristjáns Einarssonar og Báru Grímsdóttur fyrir dómi 1. nóvember 1980. Kvaðst ákærða hafa afhent Guðmundi Böðvarssyni gkr. 800 þús. og fengið í sinn hlut 180 grömm af hassi. Ákærða nafngreindi nokkra aðilja, er keypt hefðu af sér fíkniefni úr ferð þessari. Ákærða nefndi, að líklegt væri, að efni úr einstöku ferðum blönduðust. Loks kvaðst ákærða hafa afhent Val Hugasyni Hraunfjörð gkr. 1.2 millj., sem var andvirði seldra efna frá fyrri hluta september 1980.

Ákæruliður XI.

„Í fyrri hluta september fengið áðurgreindum Val Hugasyni Hraunfjörð gkr. 1.200.000—1.400.000 til hasskaupa í Kaupmannahöfn og eftir heimkomu hans móttakið 340—360 gr af efninu á heimili hans að Ránargötu 23 í Reykjavík og greitt honum gkr. 400.000 fyrir hans þátt í öflun efnisins. Ákærða seldi hluta þessa efnis ótilgreindum mönnum, en 2. október fann lögregla um 326 gr efnisins á heimili ákærðu og lagði hald á það.“

Valur Hugason greindi frá ferð sinni til Kaupmannahafnar á vegum ákærðu hjá lögreglu 8. október 1980. Kvaðst Valur hafa móttakið gkr. 1.4 millj. hjá ákærðu og keypt í Christianíu í Kaupmannahöfn 340 grömm af hassi, sem hann afhenti ákærðu eftir heimkomu að Ránargötu 23 hér í borg. Skömmu síðar hafi ákærða greitt sér gkr. 400 þús. sem þóknun fyrir ferðina.

Ákærða bar efnislega á sama veg og Valur um greinda för fyrir dómi 1. nóvember 1980.

Þá kvað ákærða efnismagn hafa verið 360 grömm. Ákærða kvað ekki vera um hagnað að ræða úr fíkniefnasölu af sinni hálfu.

Gerð var húsleit á heimili ákærðu að Urðarstíg 7 hér í borg 2. október 1980. Fundust þá ýmsir munir og tæki tengd fíkniefnameðhöndlun. Þá fundust 339 grömm af hassi, sem tekið var í vörslur lögreglu og merkt efna-skrá nr. 538, nr. 539 og 540. Munir þeir, er lögregla lagði hald á við greinda húsleit, voru merktir munaskrá nr. 203.

NIDURSTÖÐUR.

Ákæruliður I.

Dómurinn telur sannað með framburðu ákærðu, sem studdur er fram-burði Ragnheiðar Valgarðsdóttur, að ákærða hafi gerst sek um háttsemi þá, er í þessum ákærulið greinir, eða að hafa í janúar til febrúar 1980 keypt 100 grömm af hassi af Ragnheiði Valgarðsdóttur á gkr. 10.000 hvert gramm og selt um 70 grömm af efninu sér ókunnum aðiljum á gkr. 12.500 hvert gramm. Sjálf notaði ákærða um 30 grömm af efninu.

Verjandi krefst sýknu af þessum ákærulið og telur m. a. játningu ákærðu standa á veikum grunni. Dómurinn telur ekkert fram koma í gögnum máls-ins, sem veiki framburð ákærðu, sem studdur er samhljóða framburði Ragnheiðar Valgarðsdóttur.

Ákærða hefur því samkvæmt ofanrituðu unnið til refsingar.

Ákæruliður II.

Dómurinn telur sannað, að ákærða hafi gerst sek um háttsemi þá, er í þessum ákærulið greinir, eða að hafa ásamt Sumarliða Óskari Arnórssyni staðið að utanför Vals H. Hraunfjörð í mars 1980. Lagði ákærða Val til gkr. 1.3 milljónir til fararinnar. Umrætt fé hafði ákærða fengið hjá Ragnheiði Valgarðsdóttur. Eftir heimkomu Vals móttók ákærða 350 grömm af hassi að Ránargötu 23 hér í borg og greiddi nefndum Val gkr. 400 þúsund sem þóknun fyrir ferðina. Ákærða afhenti Ragnheiði Valgarðsdóttur 120 grömm af efninu, sem var í samræmi við framlag Ragnheiðar til fararinnar. Þá stóð ákærða ásamt Sumarliða Óskari að dreifingu efnanna. Meðal kaup-enda var Valur G. Valsson.

Ákærða hefur því samkvæmt ofanrituðu unnið til refsingar.

Ákæruliður III.

Dómurinn telur sannað, að ákærða hafi í samráði við Sumarliða Óskar Arnórsson lagt á ráðin um för Vals Hugasonar Hraunfjörð til Kaupmanna-

hafnar skömmu eftir ferð þá, er rakin var í ákærulið II. Sumarliði Óskar móttók eftir heimkomu Vals 350 grömm af hassi og seldi verulegan hluta þeirra efna og skilaði söluandvirði til ákærðu, sem þannig mun hafa tekið við a. m. k. gkr. 3 milljónum.

Ákærða hefur því samkvæmt ofanrituðu unnið til refsingar.

Ákæruliður IV.

Dómurinn telur sannað, að ákærða hafi ásamt Sumarliða Óskari Arnórsyni lagt Guðmundi Böðvarssyni til fé til kaupa á hassi í Kaupmannahöfn í mars/apríl 1980. Sameiginlegur hlutur ákærðu og Sumarliða Óskars úr ferð þessari var 40 grömm af hassi.

Ákærða hefur því samkvæmt ofanrituðu unnið til refsingar.

Ákæruliður V.

Dómurinn telur sannað með framburði ákærðu og að öðrum gögnum málsins virtum, að ákærða hafi í maí 1980 keypt allt að 400 grömmum af hassi í Kaupmannahöfn fyrir Sigurgeir Baldursson. Sá flutti efnið hingað til lands, og átti ákærða allt að 150 grömmum af efninu.

Verjandi telur, að þar sem hér sé um brot erlendis að ræða og engin sérstök heimild sé í lögum nr. 65/1974 til að refsa fyrir slík og að ekki sé vitnað til 5. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 í ákæru, þá sé mjög vafasamt, að hægt sé að refsa ákærðu fyrir brot, sem ekki beinast gegn íslenskum hagsmunum.

Ákærðu, er kvað Sigurgeir Baldursson hafa komið til Kaupmannahafnar beinlínis til hasskaupa, var ljóst, að efnið ætlaði Sigurgeir að flytja hingað til lands, enda átti ákærða sjálf ríflegan hlut af heildarefnismagni.

Ekki er nauðsynlegt, að lög nr. 65/1974 hafi sjálf að geyma heimild til að refsa fyrir brot framin erlendis, þar sem ákvæði 2. tl 1. mgr. 5. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 ná til allra brota samkvæmt íslenskri löggjöf, þar með talin lög nr. 65/1974.

Ákærða hefur því samkvæmt ofanrituðu unnið til refsingar.

Ákæruliður VI.

Dómurinn telur sannað með framburði ákærðu, sem studdur er öðrum gögnum málsins, að ákærða hafi í maí 1980 afhent ónafngreindum dönskum pilti 4.000 danskar krónur í því skyni, að hann keypti hass og sendi það hingað til lands, þar sem ákærða tæki við því. Í júlí 1980 voru svo send hingað til lands 157 grömm af hassi til ákærðu. Tollgæslan lagði hald á efnið.

Eigi er fallist á rök verjanda fyrir því, að um tilraunaverknað sé að ræða.

Ákærða hefur því samkvæmt ofanrituðu unnið til refsingar.

Ákæruliður VII.

Dóminum þykir sannað, að ákærða hafi gerst sek um háttsemi þá, er í þessum ákærulið greinir, eða að hafa ræktað á heimili sínu kannabisjurtir, sem lögreglan lagði hald á við húsleit 21. júlí 1980. Voru plönturnar klipptar niður og vógu 11.3 grömm.

Ákærða hefur því samkvæmt ofanrituðu unnið til refsingar.

Ákæruliður VIII.

Ákærðu er í þessum ákærulið m. a. gefið að sök að hafa selt Val Guðmundi Valssyni og Tómasi Jakob Sigurðsyni hassefni úr þessari meintu ferð Guðmundar Böðvarssonar.

Ákærða hefur talið hugsanlegt, að efni selt ofangreindum aðiljum hafi komið úr einhverjum öðrum innkaupaferðum, og loks hefur ákærða borið af sér þátttöku í þessari meintu ferð fyrir dómi 17. febrúar 1982.

Ekki verður ráðið af framburðum Vals Guðmundar Valssonar og Tómasar Jakobs Sigurðssonar, að efni það, er þeir keyptu af ákærðu á löngu tímabili, sé komið úr þessari meintu ferð Guðmundar Böðvarssonar.

Guðmundur Böðvarsson hefur aldrei borið um ferð þessa.

Samkvæmt ofanrituðu og með vísan til 108. gr. laga 74/1974 ber að sýkna ákærðu af ákærulið þessum.

Ákæruliður IX.

Dómurinn telur sannað með framburði ákærðu, sem studdur er framburðum Guðmundar Böðvarssonar og Báru Grímsdóttur, að ákærða hafi í ágúst 1980 lagt fram fé til kaupa Báru Grímsdóttur á hassi í Kaupmannahöfn. Ákærða tók við 370 grömmum af hassi eftir heimkomu Báru Grímsdóttur og afhenti Báru um 40 grömm af efninu sem þóknun fyrir ferðina. Hlutur ákærðu var 60 grömm af efninu, og seldi ákærða allt að 20 grömmum ónafngreindum aðiljum.

Ákærða hefur því samkvæmt ofanrituðu unnið til refsingar.

Ákæruliður X.

Dóminum þykir sannað, að ákærða hafi gerst sek um háttsemi þá, er í þessum ákærulið greinir, nánar að hafa lagt fram gkr. 800 þúsund til hasskaupafarar Báru Grímsdóttur og Kristjáns Einarssonar til Kaupmannahafnar um mánaðamótin ágúst/september 1980. Í hlut ákærðu komu 180 grömm af hassi, en efninu var skipt á heimili ákærðu milli aðilja, er áttu hlut í áðurgreindri för. Ákærða seldi nokkrum nafngreindum aðiljum af efninu.

Ákærða hefur því samkvæmt ofanrituðu unnið til refsingar.

Ákæruliður XI.

Dóminum þykir sannað, að ákærða hafi gerst sek um háttsemi þá, er í þessum ákærulið greinir, eða að hafa í byrjun september 1980 afhent Val Hugasyni Hraunfjörð gkr. 1.4 milljónir til kaupa á hassi í Kaupmannahöfn.

Ákærða tók við 340 grömmum af hassi frá Val eftir heimkomu hans og greiddi honum skömmu síðar gkr. 400 þúsund sem þóknun fyrir greinda ferð.

Lögreglan fann við húsleit á heimili ákærðu að Urðarstíg 7 hér í borg 2. október 1980 alls 339 grömm af hassi, þar af 326 grömm úr áðurgreindri för Vals á vegum ákærðu.

Ákærða hefur því samkvæmt ofanrituðu unnið til refsingar.

Ofangreind brot ákærðu varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974, sbr. enn fremur 4. gr. laga nr. 65/1974 varðandi brot í VII. lið ákæru. Brot ákærðu í V. lið ákæru varðar við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65/1974, 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerð nr. 390/1974, sbr. 2. tl. 1. mgr. 5. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærða hefur, svo sem að ofan er rakið, frá því í janúar 1980 og fram á haust það ár stöðugt haft um hönd og verslað með fíkniefni. Oftast lagði ákærða fram fé til aðilja, er héldu utan til hasskaupa, og voru sumar ferðanna farnar á vegum ákærðu einnar.

Þá keypti ákærða fyrir aðilja hass í Kaupmannahöfn, er flutt var hingað til lands, og átti ákærða sjálf hlut þeirra efna.

Þá er ljóst af gögnum málsins, að ákærða hefur selt verulegan hluta efnanna og jafnan lagt hluta ágóðans, sem var allnokkur, til frekari fíkniefnakaupa síðar. Þá fékk ákærða aðilja til liðs við sig við sölu efna, og var söluandvirði skilað ákærðu.

Auk þess sem ákærða stóð ein í að fá fyrir sig aðilja til að flytja inn fíkniefni þá átti hún í nokkrum tilvikum samstarf við Sumarliða Óskar Arnórsson og stundum fleiri. Ákærða hefur því oft verið aðalmaður brota. Ákærða hélt áfram brotastarfsemi, eftir að hún hafði verið grunuð um fíkniefnamisferli og hafði verið yfirheyrð vegna þess. Hefur brotavilji ákærðu því verið allsterkur. Verður ofangreint virt ákærðu til þyngingar, sbr. 5. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærða hefur þrisvar gengist undir dómssátt vegna fíkniefnabrota. Dóm-sáttirnar eru frá 2. nóvember 1978, 23. október 1979 og 6. júní 1980. Verður ofangreint virt ákærðu til þyngingar við ákvörðun refsingar, sbr. 5. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærða hefur ekki gerst sek um fíkniefnamisferli, frá því að brotastarf-

semi lauk á árinu 1980. Verður það virt ákærðu til hagsbóta við ákvörðun refsingar, sbr. 5. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Dómurinn lítur á brot ákærðu sem samfellda brotasstarfsemi, sem virða beri sem heild við refsimat.

Verður refsing ákærðu því ákvörðuð með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga auk 78. gr. sömu laga.

Að öllu ofanrituðu virtu þykir refsing ákærðu hæfilega ákveðin sem fangelsi í 6 mánuði. Refsingu til frádráttar komi gæsluvarðhaldsvist hennar 29 dagar, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga. Þá er ákærðu með vísan til 49. gr. almennra hegningarlaga gert að greiða kr. 20.000.00 í sekt, er renni í ríkissjóð, og komi fangelsi í 90 daga í sektar stað, verði hún eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa.

Upptæk til eyðingar skulu 157.4 grömm af hassi, merkt efnaskrá nr. 511, 11.3 grömm af niðurklipptum kannabispöntum, merkt efnaskrá nr. 537, 112.5 grömm af hassi, merkt efnaskrá 539, 214 grömm af hassi, merkt efnaskrá nr. 540, 12.5 grömm af hassi, merkt efnaskrá 538, leirkrukka með hassleifum í, merkt efnaskrá 538, og 7 stykki hassreykingarpípur, merktar munaskrá nr. 203.

Ákærða greiði með vísan til 141. gr. laga 74/1974 allan kostnað sakarinnar, þar af kr. 3.500.00 til skipaðs verjanda, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmans.

D ó m s o r ð:

Ákærða, Helga Gísladóttir, fædd 4. janúar 1958 í Reykjavík, nú til heimilis að Urðarstíg 7 hér í borg, skal sæta fangelsi í sex mánuði. Til frádráttar fangelsisrefsingu komi 29 dagar, er ákærða sætti gæsluvarðhaldi vegna máls þessa.

Ákærða greiði kr. 20.000.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi fangelsi í 90 daga í sektar stað, verði hún eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa að telja.

Upptæk til eyðingar skulu 157.4 grömm af hassi, merkt efnaskrá nr. 511, 11.3 grömm af niðurklipptum kannabispöntum, merkt efnaskrá nr. 537, 112.5 grömm af hassi, merkt efnaskrá 539, 214 grömm af hassi, merkt efnaskrá 538, leirkrukka með hassleifum í, merkt efnaskrá 538, og sjö hassreykingarpípur, merktar munaskrá nr. 203.

Ákærða greiði allan kostnað sakarinnar, þar af kr. 3.500.00 til skipaðs verjanda, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmans.